

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 8 10. febrúar 1972 um takmörkun á síldveiði í Norðursjó og Skagerak.

1. gr.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, sem verði 7. gr. og orðist svo: Á árinu 1974 skulu sömu reglur gilda og giltu fyrir 1973 samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr.

2. gr.

1. ml. 7. gr., verður nú 1. ml. 8. gr. og orðist svo: Fastanefnd hefur verið tilkynnt um, að undanþágur samkvæmt 4. gr. og 7. gr. skuli taka til íslenskra skipa.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 14 30. mars 1960 um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæði alþjóðasamnings, er gerður var 24. janúar 1959 um fiskveiðar í Norðausturhluta Atlantshafs, ásamt viðbót, sbr. auglýsingu nr. 8 27. júní 1963, til þess að öðlast gildi frá og með 1. febr. 1974 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. janúar 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Pórður Ásgeirsson.

24. janúar 1974.

Nr. 29.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

11. Fast gjald	kr. F1
Orkugjald	— 11.60 á kWst.
12. Fast gjald	— F1 + F2
Orkugjald	— 5.50 á kWst.

2. Notkun til heimilisþarfa.

21. Fast gjald	— F1 + F3
Orkugjald	— 3.26 á kWst.

3 Vélanotkun.

31. Fast gjald	— F1 + F2
Lágmarksgjald	— 48 × F1 á ári
Orkugjald	— 7.00 á kWst.
32. Aflgjald, lágmark 2 kW	— 9 660.00 á ári
Aflgjald frá 2—5 kW	— 4 830.00 kW á ári
Fast gjald	— F1 + F3
Orkugjald	— 1.55 á kWst.

33.	Aflgjald umfram 5 kW	—	4 100.00 á kW á ári
	Fast gjald	—	F1 + F3
	Orkugjald	—	1.25 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
34.	Til súgurrkunar.		
	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	1.65 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		

4. Húshitun.

41.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	1.50 á kWst.
	Roftími allt að 1 klst. á dag.		
42.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	0.90 á kWst.
	Roftími allt að 3 klst. á dag.		
44.	Fast gjald	—	F1 + F4
	Orkugjald	—	0.75 á kWst.
	Roftími allt að 15 klst. á dag.		

5. Utanhússlýsing.

51.	Fast gjald	—	F1
	Orkugjald	—	3.50 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði. Föst gjöld.

F1	kr.	40.00 á mánuði
F2	a) Verðslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	—	3.00 á m ² á mán.
	b) Gangar, geymslur o. þ. h.	—	1.50 á m ² á mán.
F3	—	25.00 á gjaldeiningu á mán.

Gjaldeiningar eru:

- a) Til heimilisnotkunar:
Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, en 25 m² eða stærra tvö.
- b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
- c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna ein gjaldeining, hverja næstu 100 m² ein gjaldeining.
- d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
- F4 Hvert uppsett kW

kr. 460.00 á ári

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

II. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir endurofnun, kr. 650.00.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað, og verður ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 650.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGARGJALD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald, sem hér segir:

1. Grunngjald af hverri heimtaug kr. 1 800.00
Auk grunngjalds skal greiða kr. 10.00 af hverju þúsundi króna af brunabótamati húsa og mannvirkja. Í útreikningi á heimtaugargjaldi skal sleppa hálfu þúsundi eða minna af brunabótamati, en ella hækka upp í heilt þúsund.

Ef brunabótamat á húsi er gamalt, getur rafveitustjóri eða hreppsnefnd samræmt það nýju mati og miðað heimtaugargjaldið við það.

Láti húseigandi meta húsið að nýju skal heimtaugargjaldið þó miðast við það mat.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið, eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínuheimtaugar meiri en 60 metrar, og gildleiki víra meiri en 3×70 mm², skal húseigandi greiða kostnað af því, sem umfram er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi, skal greiða allan kostnað af síðari heimtaug eftir reikningi.

IV. HEIMILD TIL HÆKKUNAR

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá, um allt að 15% án sérstakrar staðfestingar ráðuneytis, enda auglýsi hreppsnefnd breytinguna í Lögbirtingablaðinu áður en til hennar kemur.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskráarliðum, nema húshitun.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 87 14. mars 1973.

Iðnaðarráðuneytið, 24. janúar 1974.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

AUGLÝSING

um útgáfu þjóðhátíðarmyntar.

Á grundvelli laga um gjaldmiðil Íslands, nr. 22 frá 23. apríl 1968, mun Seðlabanki Íslands gefa út þrenns konar mynt á þessu ári, í tilefni 1100 ára byggðar á Íslandi. Skal hún vera lögeyrir í allar greiðslur hér á landi með fullu ákvæðisverði. Er myntin að svofelldri gerð og verðgildi:

1. 10 000 króna peningur úr gulli (900/1000), 27.75 mm að þvermáli og 15.5 grömm að þyngd. Á framblið peningsins er mynd af Ingólfi Arnarsyni, er hann varpar öndvegissúlum sínum fyrir borð og ártölin 874—1974 efst.